

FUNDARGERÐ

FUNDUR VEGNA GERÐ STJÓRNUNAR- OG VERNDARÁÆTLUNAR FYRIR FRÍDLANDIÐ Í INGÓLFSHÖFÐA

Dags.fundar 5. mars 2018	Tími 13:30	Staður Skaftafell	Nr. fundar 1
Fundarboðandi: Þórdís Björt Sigþórsdóttir og Örn Bergsson		Fundarritari: Þórdís Björt Sigþórsdóttir og Sigrún Sigurgeirsdóttir	
Fundarmenn: Hákon Ásgeirsson (Umhverfisstofnun), Benedikt Steinþórsson, Ragnheiður Magnúsdóttir, Bjarni S. Grétarsson, Sigurður Magnússon, Ásdís Gunnarsdóttir og Gunnar Sigurjónsson.			
Örn Bergsson boðaði forföll v/veikinda			
Fundarefni: <ol style="list-style-type: none"> Takmarkanir út í höfðann/ tímatakmarkanir? Skilgreining vega út í höfðann? Ferðaþjónusta Lausaganga hrossa Kvikmyndir- ljósmyndir/ómönnuð loftför (drónar) 			

Atriði nr.	Byrjað var á því að kynna ferlið við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir fundarmönnum.
1	Rætt var mikilvægi þess að vernda lífríkið í höfðanum, jafnvel með því að setja einhverskonar takmarkanir á því hvenær farið er út í höfðann, þá sérstaklega með tilliti til varptíma þeirra fugla sem nýta sér höfðann. Þá var nefnt sem dæmi Dyrhólaey en hún er lokuð milli klukkan 19:00 að kvöldi og 9:00 að morgni til að vernda varpið, fyrst og fremst verið að hugsa um æðarfuglinn þar. Rætt var sú hugmynd að fá fuglafræðing til að meta það hvernig best sé að haga takmörkunum út í höfðann, fundarmenn sammála um að það væri góð hugmynd.
2	Fundarmenn voru sammál um mikilvægi þess að skilgreina ekki vegi út í höfðann vegna þess hve torfærir þeir eru og eins til að lágmarka óþarfa umgang í út í höfðann.
3	Fundarmenn voru sammála um það að ferðaþjónustan eins og hún er í dag er sjálfbær en má ekki verða mikið meir en hún er núna, þessvegna er mikilvægt að útbúa einhverskonar takmarkanir í áætluninni til að koma í veg fyrir ósjálfbæra ferðaþjónustu í framtíðinni.
4	Hópurinn var sammála um að lausaganga hrossa væri bönnuð út í höfðann til að vernda lífríki og gróður.

5	Fundarmenn voru sammála um það að leyfi þyrfti að liggja fyrir ef menn vildu taka upp kvikmyndir eða vinna að stærri ljósmyndaverkefnum sem gætu truflað lífríki, eins voru menn sammála um að drónar væri ekki leyfilegir í friðlandinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.
---	---

